

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/854  
komudagur 24.2.2005



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 23. febrúar 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða – 362. mál, sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Við höfum eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

### Um 1. grein.

Í greininni er gert ráð fyrir að veiðileyfi verði gefin út til eins árs. Það kom fram á blaðamannafundi sjávarútvegsráðherra þann 21. febrúar sl. að hann hyggist leggja fram tillögu til breytinga á því ákvæði þannig að veiðileyfi verði gefin út ótímabundið. Við styðjum það eindregið enda er einungis um kostnaðarauka að ræða með núverandi fyrirkomulagi.

### Um 6. grein.

Samkvæmt greininni er lagt til að ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögum um svokallaðan "Hafróafla" verði gerð varanleg.

Við leggjumst gegn því að ákvæðin verði gerð varanleg og einnig leggjum við til að heimildin verði takmörkuð við 0,25% af uppsjávarafla og 2,5% af öðrum sjávarafla sem skip veiðir á hverju fiskveiðiári.

Helstu ástæður fyrir því að við leggjum ofangreint til er að í ljós er komið að heimildin er fyrst og fremst notuð vegna þorskafla og á síðasta fiskveiðiári var 1.574 tonnum af þorski ráðstafað með þessum hætti. Nú nýtir einungis lítill hluti fiskiskipaflotans heimildina til fulls sem bendir til þess að 5% og 0,5% sé óþarflega rúm heimild. Hætta er á að ef fleiri fullnýta þessa heimild verði umframveiði á þorski óhófleg og feli þar með í sér veruleg frávik frá þeirri nýtingarstefnu sem er í gildi.

Sama hættta er varðandi aðrar tegundir og sérstaklega er rétt að benda á að umframveiði í stofnum þar sem aflamark er lítið gæti orðið umtalsvert. Við leggjum til að fram fari ítarleg úttekt á því hvernig nýting á þeim heimildum sem í ákvæðunum felast hefur verið til þessa áður en ákveðið verður til hve langs tíma ákvæðin verða látin gilda. Sú athugun þarf m.a. að beinast að hver stærðarsamsetning aflans er og hversu mikill hluti hans hefur komið til vinnslu hjá sama eða skyldum aðila.

#### Um 7. grein.

Í a. lið 7. greinar er gert lagt til að 1. mgr. 11. greinar falli brott. Við styðjum það að 1. málslíður 1. mgr. 11. greinar falli brott með vísan til þeirra raka sem fram koma í athugasemdum við 7. greinina. Hvað varðar 2. málslíð 1. mgr. 11. greinarinnar virðist gæta miskilnings í athugasemdum við 7. greinina en þar segir að ákvæðið fjalli um rétt útgerðar til að ráðstafa aflahlutdeild í tólf mánuði þegar skip ferst og að það sé óþarft með sama hætti og ákvæði 1. málslíðsins. Hið rétta er að 2. málslíður 1. mgr. 11. greinarinnar fjallar um heimild útgerðar til að halda aflamarki skipsins í 12 mánuði frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip forst. Þetta ákvæði getur verið mjög nauðsynlegt til að gefa útgerðum umþóttunartíma til að gera ráðstafanir með veiðiheimildir skipa sem farast. Þetta á sérstaklega við um útgerðir sem eiga eitt skip, þó það geti einnig átt við um þá sem eiga fleiri skip.

Í b. lið 7. greinar eru lagðar til breytingar sem leiða af því ef 1. mgr. 11. greinar verður felld niður. Með vísan til umsagnar okkar um a. liðinn hér að ofan þar sem lagt er til að 1. mgr. falli einungis að hluta niður leiðir það að tillögurnar í b. liðnum falli út.

#### Um 10. grein.


Samkvæmt greininni er lagt til að heimildir sjávarútvegsráðherra til að ráðstafa allt að 500 tonnum af þorski til tilrauna með áframeldi verði framlengdar til loka fiskveiðiársins 2009/2010. Vil leggjumst alfarið gegn því að þessi heimild verði framlengd.

#### Um 11. grein.

Við leggjum til að ákvæðin um “Hafróaflann” verði áfram í ákvæði til bráðabirgða sbr. umsögn um 6. grein frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri